

Nd.

97. Frumvarp til laga

[72. mál]

un olíueinkasölu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi P. Gíslason, Emil Jónsson,  
Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1955 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu (petroleum) eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni, svo sem benzíni, ljósaolíu, hráolíu (gas- og dieselolíu), brennsluolíu, smurningsolíum og smurningsfeiti, — né aðrar tegundir af olíum og feiti, sem unnar eru úr steinolíu.

2. gr.

Oliuvörur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis- og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að leigja, kaupa eða láta byggja oliuflutningaskip til þess að annast oliuflutningana til landsins og sjá um dreifinguna innanlands með sem ódýrustum hætti.

4. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. Sama gildir um fé það, sem þarf til þess að reisa olíugeyma eða önnur mannvirki og byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir slíkan verzlunarrekstur.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu.

5. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera: Olíueinkasala ríkisins.

6. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur olíueinkasölnunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölnunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

7. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með oliubirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. júlí 1955, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. apríl 1955 skal stjórninni vera heimilt að banna allan innflutning á olíum, nema leyfi hennar komi til.

8. gr.

Olíueinkasalan skal leggja frá 10—40 af hundraði á oliuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í geymi eða í hús hér á landi að meðtöldum geymslukostnaði og tolli.

9. gr.

Olíueinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll, þar sem vörunnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri oliueinkasölunnar, eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notast það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er oliueinkasalan verzlur með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil og ákveður árlega um framlög í sjóði.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð oliuvaranna í smásölu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 100 til 100000 kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar oliuvörur, sem fluttar eru inn í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast einkasölu til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Fyrir síðustu alþingiskosningar urðu heiftúðugar deilur milli stjórnarflokka úr af oliufarmgjöldum, og varð af þeim deilum ljóst, að félög þau, sem annast oliuverzlunina, geta dregið til sín milljónafúlgur umfram það, sem hóflegt getur talizt, án þess að nokkur vissa sé þó fyrir því, að það komist upp.

Í þessu er ekkert öryggi. Einasta færa leiðin til að tryggja olíur með réttu verði er sú, að ríkið komi á fót einkasölu með olíur, enda er lagt til í þessu frumvarpi, að svo verði gert.

Á árunum 1943 og 1944 átti ríkisstjórnin með sérstökum ráðstöfunum allverulegan þátt í því að útvega hagkvæmara verð á olíur en verið hefði, ef oliufélögin hefðu ein mátt ráða. Í lok ársins 1944 var þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar hætt með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði mikið. Þessi ríkisafskipti af oliuverzluninni höfðu því reynzt heppileg.

Nú hefur ríkisstjórnin gert heildarinnkaup hjá Rússum á þeim olíum, sem við þurfum á þessu og næsta ári. Sjá allir, hversu hjákátlegt það er undir slíkum kringumstæðum, að ríkisstjórnin skuli þurfa að framselja samninga sína til oliufélaganna og valda með því verðhækkun, sem engin þörf er á.

Þessi heildarolíukaup ríkisins gera því einkasölu ríkisins á olíum að sjálf-sögðum hlut, og eru þau ein aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er flutt nú.

Þá mælir það líka með ríkiseinkasölu á olíum, að flutningar olíunnar verða miklu ódýrari, ef hún er flutt í sem allra stærstum tankskipum, jafnvel 16000 tonna eða þar yfir.

Einnig ber á það að líta, að dreifing olíunnar verður miklum mun ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu. Mundi allt sölukerfið í landinu í heild þá verða miklu einfaldara og ódýrara, eins og bezt sést á því, að á mörgum sölustöðum úti um land eru vegna samkeppnisfyrirkomulagsins hafðar tvær til þrjár benzíndælur, og sama furðusjónin blasir líka við víða um land að því er oliugeymana snertir.

Enn er á það lítandi, að einkasala ríkisins mundi algerlega draga oliuverzlunina úr höndum þeirra erlendu oliufélaga, sem enn þá hafa verulegan hluta hennar í sínum höndum. Er varla hægt að segja, að það samrýmist sjálfstæði Íslands, að erlend verzlunarfélög skuli annast jafnbýðingarmiklar greinar islenzkrar verzlunar sem oliuverzlunin er. Það er því fyllilega kominn tími til, að bundinn verði endir á það ástand. Þennan þátt verzlunarinnar getum við vel annast sjálfir

og eigum auðvitað að gera það, en engar líkur eru til, að svo verði, nema laga-  
setning komi til um olíueinkasölu ríkisins.

Oliunotkun þjóðarinnar hefur margfaldast á undanförnum árum.

Árið 1940 var olíueyðslan rúm 23000 tonn.

— 1944 —	—	tæp	36000	—
— 1945 —	—	rétt	40000	—
— 1946 —	—		52000	—

Síðastliðið ár var olíueyðslan komin yfir 200000 tonn, og fer hún enn óðfluga  
vaxandi.

Atvinnulíf þjóðarinnar skiptir það miklu máli, að olíuverði sé haldið eins lágu  
og mögulegt er. Hér ríður því á að komast hjá óþörfum milliliðum, útiloka óhóflega  
álagningu, tryggja það, að olían sé flutt til landsins í stórum tankskipum og að  
dreifingarkerfið innanlands sé eins einfalt og ódýrt, og verða má. — En þetta allt  
verður bezt tryggt með ríkiseinkasölu á olíu.

Nánar verður gerð grein fyrir þessu þýðingarmikla máli í framsögu.